

# Orðasaga og önnur.

## Framhald greinarinnar um Njarðfræði.

### I.

Orðabækur telja líklegt að orðið jörð (Erde; Jord) beri að rekja að rótinni ar (Kluge) eða er (Falk og Torp); sbr. erja, plægja. Sje svo, þá er jörð fyrir örð, og virðist næsta líklegt að það sje rjett um orðið jörð í merkingunni land, sem búíð er á; örð þýðir: plægt land, plæging, og það sem í hinu plægða landi grær, sbr. arður. En þrátt fyrir þetta er þó vert að athuga gyðjunafnið Nerthus, sem mjög líklegt er að hafi verið Njörð eða Nerð. — Það eru fleiri en jeg sem halda það — og Tacitus segir beinlínis að Nerthus sje móðir jörð (N. id est terram matrem). Prófeffor Mogk segir í goðafraeði sinni, sem er afbragðs rit, að Nerthus muni hafa verið kona hins forngermanska himinguðs, og sje Njörð sama sem Jörð. Kemur það vel heim við það, að Snorri segir Jörð hafa verið konu Alföður.

### II.

En hvað sem þessu líður, stoðar held jeg ekki, að setja gyðjunafnið Jörð í samband við plægingar. Vildi jeg heldur setja það heiti í samband við orðið aur, sem þýðir geisli eða ljómi. Mundi þá orðið Jörð, sem gyðjuheiti, þýða hin ljómandi, eða líkt og Aurboða. En svo hjet móðir Gerðar, sem var svo björt, að „er hon tók upp höndunum ok lauk hurð fyrir sjer, þá lýsti af höndum hennar bæði í lopt ok á lög ok allir heimar

birtusk af henni“. — Virðist mjer næsta eftirtektarvert, hvað þessi saga um, að sjerstaklega hafi borið birtu af höndum Gerðar, kemur vel heim við það sem sumir menn halda nú, að lífskrafturinn geisli mjög af fingrunum (samanb. handfaralækningar, svafning með strokum (passes) og einnig sumt í rafmagnsfræðinni).

Líkt og Aurboða, mun þýða jötunsnafnið Aurnir; og jötunsnafnið Iði hygg jeg sje dregið af streymandanum eða iðinu í ljóshjúpnunum (aura), sem var í kringum hinar goðkynjuðu verur, sem fornmenn og einkum þeir sem spámenn voru kallaðir og skáaldar þóttust skynja. En jötnarnir voru nokkurs konar goð, og mun jötun þýða hinn máttugi, eða sá sem getur, vera leitt af að geta, en ekki af að eta, eins og haldið hefur verið; sbr. jöti og goti. Eins hygg jeg að nafn Iðunnar „Braga kváunar“, sem eplin varðveitti, verði að setja í samband við geislun gyðjunnar; ættu vel saman nöfn þeirra hjóna, ef svo er sem jeg hygg, að Bragi þýði einmitt líkt og Iði. Það er talað um að norðurljósin bragi, og geisla-streymið kringum hinar lýsandi verur, minnir einmitt mjög á norðurljós. Hef jeg sjálfur greinilega sjeð það, meðan jeg sá ofsjónir fyrir nokkrum árum, og kemur, þegar ræðir um hvernig skýra skuli goðanöfnin, ekki til greina, hvort ofsjónir þessar eru heilaspuni tómur, eða öðruvísi til komnar.

Orðið að braga, sem þýðir að lýsa (á sjerstakan hátt), mun fyrst hafa táknað hljóð samafara ljósi, og bendir einmitt það, að orð þetta er sjerstaklega haft um norðurljósin, sterklega til þess, að þeir hafi rjett fyrir sjer sem segja að ljósunum fylgi stundum hljóð nokkurt.

Orðið aur er, eins og kunnugt er, nú á dögum ekki haft til að tákna ljóma; hefur fyrnst yfir þá merkingu orðsins. Og í merkingunni ljómi virðist það annars mest hafa verið notað í goðheimum. En í latinunni var heiti gullsins (aurum) af ljómanum dregið. Aur er leitt af að vaða, sem þýðir að fara hart, geisa, streyma (sbr. vatn, sem er fyrir vaðan og þýðir í fyrstu straum; hjer má líka minna á að orðið hávaði merkir í fyrstu sjerstaka tegund af straumfalli). En aur var áður vaður (eða vaur, va-ur). Menn skilja glöggar þýðingu orðsins aur, ef þeir gæta þess, að geisli er leitt af að geisa.

Það skiftir mjög í tvö horn um merkingu orðsins aur, og hefur það valdið stundum skrítnum misskilningi, hvor merkingin hefur verið mest tíðkuð á jörðu hjer. Og um misskilning hygg jeg að sje að ræða, þar sem segir í Völuspá, að askur Yggdrasils sje auri ausinn:

Ask veit ek ausinn,  
heitir Yggdrasill  
hárr baðmr heilagr,  
hvíta-auri;

eða að minsta kosti hefur Snorri misskilið þetta, þar sem hann segir að nornirnar taki aur þann, er liggur um Urðarbrunn og ausi upp yfir askinn (ásamt vatni úr brunninum). Það virðist heldur ekki beint líklegt, að því trje þurfi að vatna; en Snorra hefur þótt það undarlegt, væri askurinn einungis auri ausinn, eftir þeirri merkingu, sem hann lagði í orðið, og þess vegna bætir hann því við að honum sje vatnað. En mjer virðist

líklegast, að aur sá sem hjer ræðir um, sje geislar sólar. Er sólskinið í goðheimum hvítara og bjartara miklu en hjer hjá oss. Vitum vjer af Alvissmálum, að sólin heitir hjá Ásum Alskír; er með því orði táknað, að á þeirra sól sjeu engir blettir. Má jafnvel nefna sólarheiti þetta, til að styðja þá skoðun, að Æsir eigi heima í öðru sólkerfi en þessu; sbr. ritgerð mína „Guðir, menn og apar“ í Morgunblaðinu 31. okt. 1915. Það stoðar ekki að vera eins gleyminn á það og mörgum hættir við, sem Brúnó kenti mönnunum fyrst, þó að engan fengi hann til að trúa því, að fleiri sólkerfi eru til en þetta eina. Og þó að sól vor sje ágæt mjög, þá getur hún samt ekki Alskír kallast; er hún, eins og kunnugt er, í tölu þeirra sólna, sem farnar eru að kólna og gulna og koma blettir á.

#### IV

Eddukviðurnar segja held jeg allar af öðrum heimum, sem að vísu eru í öðru sólkerfi, eða öðrum sólkerfum, en ekki hvergi staðar. Menn fara ekki að meta kviðurnar fullkomlega að verðleikum nje skilja rjett efni þeirra, fyr en þeim verður þetta ljóst. Mætti rita langt mál til að sýna fram á, að í Eddunum segir af mannkynjum ýmsum, sem lengra miklu eru komin að lífsafli, en mennirnir á jörðu hjer. Verða í öðrum heimum mörg „tíðendi ok greinir bæði á jörðu ok í lofti“, fleiri en á jörðu hjer. Orðin „ok í lofti“ verða skiljanlegri nú, er einnig mennirnir hjer á jörðu, hafa

lært að gera sjer útbúnað til þess að hlaða í loftinu; verða nú tíðindi í lofti bæði mikil og ill. Ræðir þar um þess konar framfarir, sem kalla má að sjeu í helvítis-áttina (the line of infernal evolution); aukin vjelakunnátta er þar sakir ónógrar þekkingar á eðli og tilgangi lífsins, notuð til að tefja fyrir sönnnum framförum. Fer svo á þeim hnöttum, þar sem hefur, eins og á jörðu hjer, mjög skort bæði vit og vilja til að sjá hvar best greri í rjettar áttir, og að þar liggur hið mesta við, að þess konar nýgræðingur sje ekki troðinn niður.

Að Eddusögurnar byggjast ekki á tómum heilaspuna verður mönnum skiljanlegt ef þeir vita, að eins meðvitund getur komið fram í huga annars, orðið að annars meðvitund; en til eru góðar athuganir, sem sýna, að slíkt getur átt sjer stað (sbr. ritgerð mína „Á annari stjörnu“, Ingólfrur 1914). Á vísindalegum grundvelli verður því ekki neitað, að hjer á jörðu kynni að mega hafa vitneskju af því sem lifað er í öðrum sólkerfum. Og nefna mætti rannsóknir, sem glögglega sýna, ef þær eru rjett metnar, að til eru á öðrum hnöttum verur, sem miklu framar eru að viti en mennirnir á jörðu hjer. Framtíðin mun lita svo á, sem þetta hefði átt að vera oss í augum uppi fyrir löngu.

Þegar þeir menn, sem góðar voru nefndir, fóru með goðorð, sem kallað var — jeg nota hjer þann talshátt í sinni fyrstu merkingu — þá „mæltu þeir hendingum“ og sögðu tíðindi af guðunum; töluðu jafnvel stundum sem væru þeir sjálfir guðir; (sbr. það sem segir af fornþjóð þeirri, sem Þrakar nefndist eða Þrekar, að einsetumenn voru þar stundum nefndir nafni guða, sem þeir þóttust vera orðnir að; er þetta þess vert, að rita um það langt mál, þó að það sje ekki hjer gert; en minna má hjer á það, sem segir í Hávamálum:

Veitk at ek hekk  
vingameiði á  
nætr allar níu,  
geiri undaðr  
ok gefinn Óðni  
sjalfr sjalfum mjer.

Til er líka fornindversk saga um Krisna, sem stóð á fjallstindi nokkrum sem sýnilegur guð; en á sama tíma gekk Krisna upp fjallið sem hjarðsveinn, til þess að tigna annan hluta sjálfdar sinnar — sjálfan sig sem guð.)

Veða hygg jeg það hafi verið kallað sem goðinn kvað, þegar hann var í goðmóði, var vaði eða vóði, sem seinna var gert úr Óðinn; sbr. vates í latínu, sem þýðir skáld og spámaður; í staðinn fyrir veða var síðar sagt kviða (gveða!) og óður. Veda er eins og kunnugt er, indverskt orð, og þýðir held jeg upphaflega einmitt það sem hjer er sagt, helgikviða, þó að crðið vit fengi líka í indversku þessa mynd. Úr veða varð síðan orðið Edda; hygg jeg að þannig sje það orð til komið; þykir mjer það líklegra, en tilgáta Eiríks heitins Magnússonar, að Edda sje leidd af Oddi.

## VI.

Það mál, sem nú heitir íslenska, er eldra miklu en haldið hefur verið, og virðist mjer mega leiða sterkar líkur að því, að þar sje ágætasta tunga jarðar vorrar. Skapaðist það mál samtímis því er kom upp ný manntegund, eða afbrigði mannkynsins, er íramar var að afli, fríðleik og viti, en áður hafði verið á jörðu hjer. Var þar vaxtarbroddur mannkynsins í áttina til guðanna. Vaxtarbroddur mannkynsins var á níundu og tíundu öld í Noregi og á Íslandi, og líklega var hann enn á Íslandi í kring um 1200, er skapaðist það sem af mestri snild hefur verið ritað í mannkynsögu á jörðu hjer.

Vaxtarbroddur mannkynsins virðist nú á tímum helst vera í Japan. Mannkynið er farið að visna í toppinn. Styrjöld eins og sú, sem nú stendur yfir, er í sjálfsmorðsáttina; óviturlegra fyrirtæki líklega, þegar á alt er lítið, en nokkur styrjöld áður. Hið hvíta mannkyn virðist vera að ryðja brautina fyrir hinum litugu eftirmönnum sínum í umráðunum yfir þessari jörð. Er ekki að vita, eftir því sem nú fer að, nema síðasta stóra ríkið, „heimsveldið“ á jörðu hjer, verði nokkurs konar Dahomey; en

svo heitir, eins og kunnugt er, Svertingjaríki eitt, sem farið hafa af ferlegar sögur.

En þó virðist mjer ekki ólíklegt, að vaxtarbroddur mannkynsins gæti enn orðið á Norðurlöndum, og betur en áður, ef rjett væri að farið. En varla fæ jeg skilið, að það geti orðið, ef ekki er tekið upp aftur í Noregi og víðar um Norðurlönd hið forn-göfuga mál, sem best er fallið allra mála til að efla og varðveita speki, og enn þá lifir á Íslandi.

4.—8. febr.

Helgi Pjeturss.